

## Skuldir:

1. Skuldabréf rikissjóðs .....	kr.	500 000.00
2. Geymslufjárreikningur .....	—	6 333.34
3. Lán vegna húseignarinnar Laugavegur 105 hf. ....	—	13 518.01
4. Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1964 .....	—	22 737 629.39
5. Rekstrarhagnaður .....	—	2 800 868.82
		<hr/>
	Kr.	26 058 349.56

Reykjavík, í janúar 1965.

Nr. 21.

6. febrúar 1965.

**REGLUGERÐ**

um viðauka við reglugerð frá 9. desember 1964, um breytingu á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:  
Á vetrarvertíð 1965 er ekki skylt að slægja um borð í fiskiskipum fisk, veiddan í nótt, hafi veiðiför tekið skemmri tíma en 24 klst. og fiskkaupandi getur að dómi ferskfiskeftirlitsins komið fiskinum óskemmdum í geymslu.

Hafi fiskur, sem veiddur er í nótt, eigi verið slægður, sbr. 1. mgr., ber engu að síður að ísa hann nægilega og ganga vel frá honum í lest.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

Nr. 22.

9. febrúar 1965.

**REGLUGERÐ**

um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt í Kelduneshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, nr. 108 16. ágúst 1962.

*Félagsráðuneytið, 9. febrúar 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*